

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6.400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð. 50
20. apríl

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6.400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 3. töluliðs 18. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Viðbótardánarbætur samkv. þessari grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. desember 1953, og skulu þær hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun. Jafnframt skal ríkisstjórnin setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkv. 113. gr. laganna, og taka þau gildi 1. janúar 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnun. 51
20. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. og 3. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hvernar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

41. gr. laganna breytist þannig:

- Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
- Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.

51

20. apríl

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný gr., svo hljóðandi:

Heimilt er einnig að lána bæjar- og sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja smáar íbúðir í því skyni að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum. Lán til sveitarfélags fari þó aldrei yfir fjórða hluta af heildarupphæð þeirri, sem samkv. starfsreglum lánadeildarinnar er metin hæfileg lánsfjárveiting í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptún á því ári.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

52

20. apríl

L Ö G

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Reykjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þrem mönnum. Nefna aðilarnir sinn manninginn hvor í dóminn, en félagsmálaráðherra skipar oddamann, sem skal vera formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að nefna mann í dóminn, skal félagsmálaráðherra skipa mann eða menn í staðinn, svo að dómurinn verði fullskipaður.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.